

## AUGLÝSING

### um umferð í Patrekshreppi.

Að fenginni tillögu hreppsnefndar Patrekshrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur í Patrekshreppi:

#### Aðalstræti:

1. Biðskylda á Aðalstræti gagnvart Þórgötu og Strandgötu.
2. Bifreiðastöður bannaðar við Aðalstræti frá húsinu nr. 23 við Aðalstræti að húsinu nr. 29 við Aðalstræti. Eins eru bannaðar bifreiðastöður frá Aðalstræti 6 að Aðalstræti 62 (neðri kantur).
3. Settar gangbrautir á Aðalstræti við gatnamótin við Urðargötu á þremur stöðum.
4. Umferðarmerki „börn“ sett á Aðalstræti við Grunnskólann og gangbraut máluð og sett upp ásamt gangbrautarmerki.
5. Framúrakstur bannaður frá Aðalstræti 21 að Aðalstræti 62.
6. Biðskylda við heimkeyrslu Heilsugæslustöðvar gagnvart Aðalstræti.
7. Biðskylda á Aðalstræti gagnvart Hlíðarvegi (beggja vegna).
8. Biðskylda við Aðalstræti gagnvart Sigtúni (beggja vegna).
9. Bannað að leggja bifreiðum á neðri kant Aðalstrætis frá Sigtúni að Litladalsá. Sett upp gangbraut þvert yfir Aðalstræti að dyrum á sláturhúsi sem snúa að götunni.
10. Í hæfilegri fjarlægð frá brú á Mikladalsá verði sett upp merkið „vegur mjókkar“ það sama verði gert innan við brú á Litladalsá.
11. Hámarkshraðamerki á Þjóðvegi úr Mikladal verði flutt á móts við kirkjugarð. Þar verði einnig sett upp merkin „vegamót“ og „börn“.
12. Hámarkshraðamerki 35 km haldist innan við byggð á Björgum, þar verði sett upp merkið „börn“. Hámarkshraði 50 km á Strandgötu frá Sigtúni að Arakletti við Strandgötu.
13. Umferð vörubíla bönnuð á Aðalstræti frá Þórgötu að Sigtúni, nema til losunar og lestunar.

Balar: Biðskylda gagnvart Aðalstræti frá Bólum.

Brunnar: Biðskylda gagnvart Hlíðarvegi.

Eyrargata: Bifreiðastöður bannaðar vegna götunnar frá sundlaug að höfn.

Stekkar: Biðskylda gagnvart Hlíðarvegi.

#### Urðargata:

1. Bifreiðastöður bannaðar ofan götu frá Aðalstræti út fyrir Urðargötu 26.
2. Bifreiðastöður bannaðar neðan götu frá Bjarkargötu að húsinu nr. 11 við Urðargötu. Einstefna verði frá Aðalstræti að Strandgötu meðfram húsunum nr. 8 við Aðalstræti og nr. 5 við Strandgötu.

Ath. Umferðarhraði verði 35 km á öllum götum svo sem nú er, nema á tilteknum kafla á Strandgötu.

Stöðvunarskylda haldist á Túngötu gagnvart Þórgötu. Eins haldist biðskylda frá Bjarkargötu gagnvart Aðalstræti.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Sýslumaður Barðastrandarsýslu, 15. desember 1982.*

**Stefán Skarphéðinsson.**